

01. janúar 2019

Gjaldskrá 2019 Vatnsveitu Dalvíkur

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalvíkur er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

1. gr.

Vatnsgjald

Hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar og skal það vera eftirfarandi:

- Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 4.798,66 kr. pr. íbúð og 176,12 kr. pr. fermetra húss.
- Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 14.690,73 kr. pr. eign og 194,22 kr. pr. fermetra húss.
- Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- Álagning skv. a, b. og c. másl. skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægra en 0,1% af fasteignarmati allra húsa og lóða.

Vatnsgjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar september 2016, 131,6 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu einu sinni á ári í fyrsta sinn 1. janúar 2018.

2. gr.

Gjalddagar

Gjalddagar vatnsgjalds skal vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

3. gr.

Aukavatnsgjald

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald sem hér segir:

Aukavatnsgjald	kr/m ³
fyrstu 100.000 m ³	30,34
100.000 - 250.000 m ³	27,55
eftir 250.000 m ³	25,12

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Dalvíkur leggur til.

Aukavatnsgjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2016 , 131,6 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu tvisvar á ári 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

4. gr.

Mælaleiga

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaðarfresti greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælagjald í kr.á dag
að 32 mm	13,72
40 mm	13,72
50 mm	16,28
80 mm	39,15
100 mm	70,70

Mælaleiga er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2016 , 131,6 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu tvisvar á ári 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

5. gr.

Heimæðargjald

Þvermál inntaks	Inntaksgjald	Yfirlengd.
25 mm	210.235	9.864 kr./m
32 mm	303.672	9.864 kr./m
40 mm	385.430	9.864 kr./m
50 mm	513.907	9.864 kr./m
63 mm	724.141	9.864 kr./m
75 mm	1.027.813	9.864 kr./m
90 mm	1.518.360	9.864 kr./m

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2016 , 131,6 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda

Eiganda fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald,

ásamt vöxtum og áföllum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásmat áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann x. september 2016, er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um vatnsveitu í Dalvíkurbyggð nr. 1054/2015 úr gildi.

Samþykkt í byggðaráði Dalvíkurbyggðar 17. desember 2018

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 18. desember 2018

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri